

VEÐURFARSDEILD

**VEÐURFAR  
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

REYKJAVÍK 1985

## UM VEÐURFAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

### Inngangur

Í yfirliti þessu er fjallað um veðurfar á höfuðborgarsvæðinu, en því tilheyra Kjósarsýsla öll, Reykjavíkurborg, Kópavogskaupstaður, Garðabær, Hafnarfjörður og Seltjarnarneskaupstaður. Í megintexta er gerð grein fyrir ýmsum veðurfarsþáttum og er vísað í töflur, sem sumar hverjar voru unnar sérstaklega fyrir þessa athugun.

### Efnisyfirlit:

	Bls.
Hiti.....	2
Úrkoma.....	5
Flóðahætta.....	7
Snjór og snjóalög.....	7
Snjódýpt.....	8
Sólskinsstundir, skýjafar, þoka, þrumur.....	8
Raki.....	9
Loftþrýstingur.....	9
Vindar.....	10
Hvassviðri og stormar.....	11
Flutningar veðurstöðvarinnar í Reykjavík.....	12
Töfluyfirlit.....	14
Töflur.....	15-33
Myndir.....	34-37
Útreikningar hitameðaltala.....	38
Útreikningar úrkomumeðaltala.....	39
Heimildir.....	41

## Hiti

Hitafar á höfuðborgarsvæðinu ræðst í stórum dráttum af nálægð hafsins. Hitasveiflur eru minni en innar í landinu, bæði einstaka daga svo og í mánaðar-meðaltölum. Dálítill munur er þó á hitafari innan svæðisins, og ræðst hann einkum af þrennu. Í fyrsta lagi hæð yfir sjó, í öðru lagi fjarlægð frá sjó og í þriðja lagi landslagi.

Hiti lækkar að meðaltali um u.þ.b.  $0.6^{\circ}\text{C}$  á hverja 100 m. Einstaka daga munar talsvert um nærveru sjávarins, en hann dregur úr hitasveiflum. Landslag hefur talsverð áhrif á hitafar. Flesta mánuði ársins, einkum þó á vetrum kólnar loft talsvert yfir landi vegna útgeislunar (langmest á nóttum). Oft gerist þetta í tiltölulega grunnu lagi, sem stundum er nokkrir metrar að þykkt, alloft tugir metra og stundum meir. Ofan þessa tiltölulega kalda lags er loft sem lítið kólnar. Ef land er aflíðandi getur þetta kalda loft runnið líkt og vatn í átt til sjávar. Stórir hlutar höfuðborgarsvæðisins eru þannig eins konar afrennslissvæði fyrir ~~hætt loft~~ sem kólnar í heiðalöndunum suður og austur af borginni, streymir í átt til sjávar og kólnar enn þó hitahækkun vegna niðurstreymis vinni nokkuð á mótí. Þetta loft blandast tiltölulega hægt hlýrra lofti ofan við. Suma daga gerist þetta óhindrað en stundum standa hægir vindar gegn því og ef hvasst er verður blöndun mikil við „hlýja“ loftið ofanvið og kælingarinnar gætir lítið í hitamælingum. Þegar kemur út á nes og sund sér hafið um að hita þetta loft upp að neðan svo blöndun verður meiri.

Í 1. töflu má sjá dæmi. Í janúar er þannig að meðaltali 1971-80 1.3 stigum kaldara á Hólmi ofan Rauðavatns en í Reykjavík. Ef aðeins væri hæðarmunur um að kenna ætti munurinn að vera minni eða innan við  $0.5^{\circ}\text{C}$ . Í janúar reynist einnig vera lítið eitt kaldara í Straumsvík og við Elliðaárstöð en á Veðurstofunni og sennilega stafar það af því að kalt loft á leið til sjávar leikur ívið oftar um stöðvar þessar en Veðurstofuna. Sé aftur á mótí litið inn að Mógilsá kemur í ljós að þar er að meðaltali hlýrra en er í Reykjavík. Nærtækasta skýring á þessu er að Esjan valdi betri blöndun á svæðinu. Þó er það ljóst að fyrir kemur að Esjan truflar ekki streymi lofts út á Kollafjörð því stundum er fullt eins kalt á nóttum á Mógilsá og í Reykjavík. Úti á Seltjarnarnesi er meðalhiti í janúar sennilega rétt undir frostmarki. Á Kjalarnesi er hitafar í janúar sennilega svipað og á Mógilsá en líklega kólnar svo eftir því sem innar dregur við Hvalfjörðinn, einkum á það við um Kjósina, þar sem janúarmeðaltal 1971-80 er sennilega sums staðar í námunda við 2 stiga frost.

Á sumrin breytist myndin dálítið. Enn sem fyrr er kaldara á Hólmi en á Veðurstofunni, en munurinn þó lítill, innan við  $0.5^{\circ}$  í júlí. Eftirtektarvert er að ívið hlýrra svæði er á milli þessara stöðva. Nærtækasta skýringin á því

er hafgoluáhrif, en hafgolan á höfuðborgarsvæðinu virðist flókin. Að ekki skuli vera enn hlýrra á Hólmi (þ.e. fjær sjónum) markast af meiri hæð staðarins. Meðalhiti í júlí nær varla 11 stigum í Kjósinni, en á Kjalarnesi er hann sennilega rétt undir 11 stigum.

Ársmeðalhitinn er yfirleitt 4.3 til 4.5 stig á svæðinu, heldur hærri á Mógilsá, en fer undir 4 gráður strax og land hækkar að marki. Árssveifla hitans er heldur meiri inn til landsins en úti á nesjum.

Í töflu (2) má sjá meðalhámark og lágmark á nokkrum stöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Meðallágmörk í Straumsvík eru ívið lægri en á Veðurstofunni. Á Hólmi og Veðurstofunni munar meira en  $2^{\circ}$  í janúar og allt árið er munurinn töluverður. Þessa munar gætir ekki eins í hámarkunum. Straumsvík er með ívið hærri meðalhámark en Veðurstofan, en Hólmur lægra, þó munurinn verði sáralítill sem enginn yfir sumarið. Kaldasti hluti sólarhringsins er að meðaltali kringum sólarupprás, en hlýjast verður nokkru eftir að sól er hæst á lofti.

Í töflu (3) má sjá meðalhita á athuganatímum. Meðaltal 1971-80.

Í töflu (4) má sjá meðalmun á hæsta og lægsta hita á athugunartímum og mismun hámarks og lágmarks fyrir alla mánuði. Þá sést að mismunur hámarks og lágmarks er nánast hinn sami allt árið, en aftur á móti vex dægursveiflan mjög á sumrin og hún er mjög lítil á veturnum. Þetta þýðir með öðrum orðum að á veturnum verða hámarks og lágmarks á ýmsum tímum sólarhrings, allt eftir aðsteðjandi lofti, en á sumrin er langalgengast að lágmark sé í morgunsárið og hiði hæstur síðdegis.

Frost hefur aldrei mælst í júlímánuði í Reykjavík, en hefur borið við á Hólmi (þó ekki á árunum 1971-80, sem miðað er við í töflu 5). Síðasta frostnótt í Reykjavík á vorin er að jafnaði 10.-11. maí, en fyrst frýs um mánaðamótin sept/okt.. Á Hólmi er síðasta frostnótt að jafnaði síðustu viku maí-mánaðar, en hin fyrsta á haustin um mánaðarmót ágúst og september. Kaldara veðurfar síðustu 20 ára virðist ekki hafa breytt þeim meðaltölum svo teljandi sé. Af þessu má sjá að mun meiri frosthætta er á nóttum á svæðinu inn og upp af höfuðborginni, en úti á nesinu sjálfu. Hins vegar er rétt að taka fram að mælingar hafa einungis óvída farið fram og líklegt er að frosthætta sé meiri sums staðar í dældum en á Veðurstofunni. Mælingar frá Laugarási þvert yfir Laugardalinn hafa sýnt rösklega  $2^{\circ}$  meira frost niðri í dalnum en uppi á ásnum. Mæling þvert yfir dældina milli Vatnsendahæðar og Rjúpnahæðar gaf líka svipaða niðurstöðu.

Meðalfrostdagafjöldi í Reykjavík á árunum 1971-80 var 123, en 158 á Hólmi (tafla 5). Á árunum 1951-60 voru frostdagar að meðaltali 114 í Reykjavík svo þeim hefur heldur farið fjölgandi. Í töflu 6 má sjá að hitinn í Reykjavík fór ekki upp fyrir frostmark að meðaltali 37 daga á ári 1971-80, en 44 á Hólmi. Einnig má sjá að hiti yfir  $20^{\circ}$  er sárasjaldgæfur á svæðinu en hámarkshiti

yfir 15 stigum er aðeins 12 daga á ári að meðaltali í Reykjavík. Meir en 10 stiga frost er mun oftast á Hólmi en í Reykjavík eða 7 sinnum á ári að meðaltali í Reykjavík, en 23 sinnum á Hólmi.

Það sem hér hefur verið sagt um frosthættu og háværk og lágværk á sennilega við um mestallt höfuðborgarsvæðið. Dagar með yfir 15 stiga hita eru þó hugsanlega fleiri í Kjós, en á þeim slóðum er fjöldi frostdaga sennilega 140-150 á ári.

Tafla (7) sýnir dreifingu meðalhita sólarhringsins. Af henni má sjá að u.þ.b. 2 daga af hverjum þremur er meðalhiti sólarhringsins milli 0 og 10 stig.

Við þetta má bæta að hæsti sólarhringsmeðalhiti í Reykjavík frá 1949-1984 er 19.2 stig (31.7.1980), en hinn lægsti -15.1 stig (6.2.1969).

Tafla (8) sýnir hæsta og lægsta mældan hita í Reykjavík. Eins og sjá má eru flest hámarksgildin frá því eftir 1920, en lágværkin eru flest eldri. Þetta er raunar í samræmi við veðurfarsbreytingar á þessari öld, en töluvert hlýrra reyndist um miðvik aldarinnar en í fyrstu 20 árin og síðustu 20 árin eða svo. Höfuðborgarsvæðið er raunar þannig í sveit sett að þessara breytinga hefur minna gætt þar, en víðast hvar annars staðar á landinu. Þó sér þessara breytinga merki séu meðaltöl hinna ýmsu tímabila í töflu 1 borin saman. T.d. var ársmeðalhitinn 1931-60  $5.0^{\circ}$  í Reykjavík en aðeins  $4.3^{\circ}$  áratuginn 1971-1980.

Vetrarhlákur eru tíðar á höfuðborgarsvæðinu. Á árunum 1971 til 80 voru að meðaltali 14 dagar í janúar með meðalhita ofan frostmarks, en aftur á móti mældist frost að meðaltali 23 daga í mánuðinum, en 10 daga að meðaltali var frost allan sólarhringinn. Sé litið á tímabilið 1951-80 var meðalhiti sólarhringsins í janúar ofan frostmarks í 16 daga að meðaltali. Áraskipti eru þó, t.d. var hiti að meðaltali ofan frostmarks í 26 daga árið 1973. Ekki er vitað um alveg frostlausan janúar í Reykjavík, og ekki heldur janúarmánuð með alveg samfelldu frosti. Í febrúar 1885 mun hiti í Reykjavík aldrei hafa farið upp fyrir frostmark. Dagar með meðalhita ofan 5 gráða koma alloft í janúar. Á 30 ára tímabilinu 1951-80 gerðist það í 19 árum. Lengd janúarhláka er mjög misjöfn. Þó virðist vera hægt að reikna með að meðalhiti sé ofan frostmarks í 3 daga í röð eða meir u.þ.b. tvisvar sinnum í hverjum janúar. Vikulangir slíkir kaflar koma í janúar meira en annað hvert ár en hálfsmánaðarkafar eru sjaldgæfir. Svipað á við um frostakafar, að viku til 10 daga samfelld frost eru algeng í janúar. Að frost standi samfelld í meir en 3 vikur er sjaldgæft og hefur það aðeins 3 sinnum gerst á tímabilinu 1949-1984 að meðalhiti í Reykjavík væri undir frostmarki á hverjum degi í 3 vikur (jan. 1956 og 1959 og í mars 1951).

Hitamælingar eru framkvæmdar í 2 m hæð og er sú umfjöllun sem hér hefur farið á undan miðuð þar við. Oft er allnokkur munur á hita við grasrót og í 2 m hæð,

en á því eru mikil dagaskipti. Í töflu (9) má sjá meðallágmark við jörð í Reykjavík eftir árstíma (1971-80) og mismun lágmarks við jörð og lágmarks í 2 m hæð. Munurinn er mestur á haustin en minnstur á vorin. Séu lágmarksmælingar við jörð í Reykjavík bornar saman við meðallágmark á Hólmi kemur fram árstíðasveifla í mismuninum. Um veturinn er kaldara við jörð á Veðurstofunni en á Hólmi, en á sumrin er þessu öfugt farið. (Rétt er að vekja athygli á flóknum orsökum gróðurskemmda af frostum og munu ekki öll kurl komin til grafar í þeim efnum).

### Úrkoma

Úrkomumælingar hafa verið gerðar allvíða á höfuðborgarsvæðinu en mislengi á hverjum stað. Í því sem hér fer á eftir er átt við meðalúrkomu 1931-1960, töflu 10, ef ekki er annars getið. Flestöll þessi meðaltöl eru áætluð út frá seinni mælingum, sem yfirleitt hafa verið gerðar í meir en 10 ár. Til samanburðar má einnig líta á töflu (11) sem sýnir meðalúrkomu áráanna 1971-80 á flestum sömu stöðvum.

Af þessum töflum má sjá að þurrast er í maí og júní, en aftur á móti er úrkoma að meðaltali mest í október. Úrkoman frá einni stöð til annarrar er mjög misjöfn, en er minnst á Veðurstofunni. Rétt er að taka fram að á undanfórnum áratugum hefur Veðurstofan flutt nokkrum sinnum og flækir það allnokkuð niðurstöður mælinga við Veðurstofuna, en sennilega er meðalúrkoma á mestöllu nesinu vestan við Elliðaár um 800 mm á ári. Sé haldið til suðurs og suðausturs í átt frá Veðurstofunni vex úrkoma allnokkuð. Hún er 25% meiri á Rjúpnahæð en í Reykjavík, 62% meiri á Hólmi og sennilega u.þ.b. tvöföld í Heiðmörk, en niðri í Reykjavík (eða um 1600 mm). Úrkoma vex enn í átt að Bláfjöllum en líklegt þykir að þar sé úrkoma um og yfir 3000 mm árlega. Í átt að Mosfellssveit vex úrkoma hægar, en er þó komin upp í 14% umfram Reykjavík við Korpúlfsstaði, 40% umfram á Mógilsá og 46% umfram á Mosfelli. Þegar austar dregur og land hækkar vex úrkoma örar og í Stardal er hún orðin 90% umfram úrkomu í Reykjavík. Hún er sennilega svipuð sums staðar innst í Kjós og innst í Hvalfirði en í Stóra-Botni er meðalársúrkoma 1666 mm eða meir en tvöföld úrkoma í Reykjavík. Um miðbik Kjósarinnar er úrkoma aftur á móti minni eða u.þ.b. fjórðungur umfram Reykjavíkurúrkomu. Á fjallasvæðinu norðaustur af Reykjavík og austur um Botnssúlur mun úrkoma mjög breytileg, en er líklega víða 2000-3000 mm í 300 til 700 m hæð. Mælingar hafa farið fram með safnmælum á svæðinu kringum Hvalfell, en ofar hefur úrkoma ekki verið mæld, en áætluð yfir 3000 mm. Á 1. mynd má sjá líklega ársúrkomu á höfuðborgarsvæðinu.

Talsverð áraskipti eru í úrkomumagni, eins og sjá má í töflu (12). Þar má líka sjá hvernig úrkomumagn dreifist eftir mánuðum og að það kom 8 sinnum fyrir á tímabilinu 1931-1960 að úrkoma var undir 10 mm á mánuði. Á árunum 1961-1984 voru slíkir mánuðir aðeins 3.

Af töflu (13) má sjá að 10 alveg þurrir dagar (þ.e. úrkoma mælist ekki) í röð koma fyrir 1-2 á ári að meðaltali í Reykjavík, (4-6 sinnum á ári er úrkoma óveruleg (< 1 mm) í 10 daga í röð eða meir). Á tímabilinu 1949-1980 hefur tvívegis gerst að úrkoma hefur ekki verið mælanleg í meira en 30 daga í röð. Úrkomudagafjöldi er mjög svipaður í Reykjavík og á stöðvunum umhverfis, en þar sem meira rignir eru fleiri dagar með meiri úrkomu en Reykjavík. Þetta má sjá í töflu (14). Meir en 10 mm sólarhringsúrkoma, er þannig tvöfalt oftár á Hólmi en í Reykjavík og nærri þrisvar sinnum oftár á Stóra-Botni. Mikil úrkoma er einna sjaldnast á vorin og snemma sumars.

Í töflu (15) má sjá dreifingu úrkomu eftir vindátt og veðurhæð í Reykjavík. Þar kemur í ljós að úrkoma er tíðurst í áttum milli austurs og suðurs, en sjaldgæfust í norðlægum áttum. Einnig má sjá að úrkomunni fylgir oft vindur, t.d. hafa u.þ.b. 2/3 hlutar úrkomunnar fallið í 4 vindstigum eða meira. Líklegt er að svipað sé á öðrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Með vaxandi úrkomumagni vex þó hlutur þeirrar úrkomu sem má kallast slagviðrisrigning.

Á veturnum fellur þó nokkur hluti úrkomunnar sem snjór eða slydda. Um snjókomu og snjóalög er fjallað aftar í þessu yfirliti en í töflu (16) má sjá hlutfall snjókomu af heildarúrkomumagni eftir mánuðum í Reykjavík, á Hólmi og í Stardal. Eftirtektarvert er hve hlutföllin í Reykjavík og á Hólmi eru svipuð, en hins vegar er mun herra hlutfall úrkomunnar snjór upp í Stardal, enda er stöðin þar í 185 m hæð yfir sjó.

Athugun hefur verið gerð á hámarksúrkomu á sólarhring fyrir nokkrar stöðvar á höfuðborgarsvæðinu og má sjá þar niðurstöður í töflu (17), en þar er byggt á svokallaðri Gumbel-fádæmadreifingu. Á Stóra-Botni mældust 184.6 mm á einum sólarhring í nóvember 1958. Eftir Gumbelsdreifingu að dæma virðist sú mæling vera vel yfir 50 ára gildinu sem er um 135 mm. Í Stardal er 50 ára Gumbels-gildið 110 mm, en mesta sem þar hefur mælst eru 96.5 mm. Líkur á hámarksúrkomu styttri tíma en eins sólarhrings hafa verið reiknaðar. Sjá má niðurstöður þessarar athugunar í töflu (17) sem hefur að nokkru verið staðfest af mælingum. Skv. Wussows-formála er hámarksklukkustundargildi 28.6% af sólarhringsgildi. Þannig er líklegt að klukkustundarúrkoma geti einu sinni á 50 árum farið upp í 20-25 mm á svæðum suðaustur og austur af Reykjavík.

### Flóðahætta

Hámarksflóð á Reykjavíkursvæðinu verða þegar jörð er frosin og snævi þakin og skyndilega kemur asahláka með miklu úrfelli. Að sjálfsögðu er mest hætta á þessu að vetrinum eftir frosta- og snjóakafli, þegar veður gengur skyndilega til hvassrar og hlýrrar sunnan eða suðaustlægrar áttar með stórrigningu. Í fyrstu getur snjórinn geymt í sér talsvert vatnsmagn, en sé hlákan nægjanlega mikil og langvarandi, bráðnar mestur hluti snævarins og flóð verður, þar sem frosinn jarðvegurinn tekur ekki við vatninu heldur rennur það fram ofanjarðar.

Talið er að sameiginlegt úrkomu- og leysingavatn geti a.m.k. svarað til 100 mm úrkomu á sólarhring á höfuðborgarsvæðinu. Raunar mætti nefna hærri tölu í þessu sambandi þar sem leysingarvatnið eitt gæti við óvenjulegar aðstæður nálgast eða náð þessu marki.

### Snjór og snjóalög

Á veðurstöðvum er snjóhula athuguð kl. 9 á hverjum morgni og er um gróft mat að ræða. Athugað er í fjórðuhlutum og tölurnar 0-4 notaðar til lýsingar, þar sem 0 er alauð jörð, 2 hálfhvít og 4 alhvít jörð. Í töflu (19) hafa þessar tölur verið umreiknaðar í % af mestu hugsanlegri snjóhulu, þ.e. ef alhvítt væri alla daga mánaðarins.

Taflan sýnir umtalsverðan mun á snjóhulu á stöðvunum. Nær enginn munur er á Stóra-Botni og Reykjavík, en hins vegar er snjór greinilega talsvert þrálatari á Hólmi og til muna í Stardal, einkum þegar kemur fram yfir miðjan vetur. Þetta bendir til þess að miðvetrarhlákur vinni síður á snjóalögum í Stardal, en á hinum stöðunum. Í töflu (20) kemur í ljós að í Stardal er alhvítt að meðaltali 91 dag á ári, en aðeins 51 í Reykjavík. Sennilegt er að snjólagsmeðaltöl úr Reykjavík (og í Stóra-Botni) séu nokkuð dæmigerð fyrir sjávarsveitir á höfuðborgarsvæðinu eins og t.d. Kjalarnes, þar sem brottfoks gætir þó sjálfsagt meira. Meðaltölin frá Hólmi eru sennilega dæmigerð fyrir staði fjær sjó, en þó undir 100-150 m hæð. Eftir athugunum frá Meðalfelli í Kjós virðist snjólag þar ekki ósvipað og á Hólmi. Stardalsmeðaltölin ættu hins vegar að vera dæmigerð fyrir lágheiðarnar austur og suðaustur af Reykjavík. Brottfoks gætir örugglega á Seltjarnarnesi og Álftanesi auk Kjalarness sem áður er minnst á. Í efri hlutum borgarlandsins og lágheiðunum í kring er hins vegar talsvert aðfenni, þ.e. snjór sem fellur uppi í heiðunum berst með hvassviðrum í átt til byggða. Byggðir mynda fyrstu verulegu fyrirstöður á leið vindsins og snjór vill því safnast þar fyrir í meira mæli en úrkomumælingar gefa til kynna. Mjög erfitt er



þó að meta umfang aðfennisins, því það er háð ýmsum tilviljakenndum veðurfars-  
þáttum.

### Snjódýpt

Snjódýptarmælingar hafa verið framkvæmdar í Reykjavík linnulítið frá því í janúar 1921, en flutningar veðurstöðvarinnar gera mat á niðurstöðum þeirra erfitt, því snjódýpt er mjög staðbundin. Til viðbótar kemur svo að mælingarnar hafa ekki verið gerðar á sama hátt allt tímabilið. Tafla (21) sýnir þó mestu og næstmestu snjódýpt í hverjum mánuði fyrir sig á þessu tímabili. Mesta snjódýpt sem hefur mælst í Reykjavík er 51 cm, það var 1937. Samanburður er erfiður en þó virðist ljóst að veturinn 1983-84 er sá snjóþyngsti sem komið hefur allt mælitímabilið (þ.e. a.m.k. frá 1921).

Eins og komið hefur fram er talsvert snjóþyngra inn til landsins á höfuðborgarsvæðinu. Þannig hefur mest snjódýpt á Hólmi mælst 60 cm, en á sama árabili mældust mest 40 cm í Reykjavík. Sömu ár mældist hins vegar mest 100 cm snjódýpt í Stardal, en mest snjódýpt sem vitað er um þar eru 120 cm. Dreifing árshámarks snjódýptar sést í töflu (22). Við snjódýptarmælingar er reynt að mæla meðaldýpt á nokkru svæði, en skaflar eru auðvitað oft miklu dýpri. Engin athugun hefur farið fram á skaflamyndun á höfuðborgarsvæðinu. Í Reykjavík verður fyrst alhvítt að meðaltali fyrri hluta nóvembermánaðar (sjá töflu (23)), en ívið fyrr á Hólmi og í Stardal. Á vorin er síðast alhvítt í Reykjavík um miðjan apríl, en u.þ.b. viku síðar á Hólmi og í Stardal.

### Sólskinsstundir - skýjafar - þoka - þrumur

Sólskinsstundir í Reykjavík voru 1289 á ári að meðaltali 1951-80, flestar í maí 191, en færstar í desember, 4. Fjöll skerða nokkuð þann tíma sem sól sést frá Reykjavík. Á heiðskírum dögum í júní er sólskinsstundafjöldi að meðaltali 17.9 stundir, en 16.5 í maí. Í maí (skv. töflu (24)) mælist sólskin 37% af þeim tíma sem verið gæti ef alltaf væri heiðskírt. Þetta hlutfall er hæst í maí og yfir 30% alla mánuði frá og með mars til og með september, en nokkru lægra aðra mánuði (sjá töflu (24)). Sólskin varð mest svo vitað sé 1924 1631 klst. (tafla (24)), en minnst 1983 943 stundir.

Dagur er talinn heiðskír ef skýjahula er til jafnaðar minni en 1/5 af himinhvolfinu. Á svipaðan hátt er dagur talinn alskýjaður ef meira en 4/5 hlutar himins eru huldur skýjum. Í Reykjavík voru að meðaltali 14 dagar heiðskírir,

en 187 alskýjaðir á ári á árunum 1971-80. Svipað er á öðrum stöðvum á svæðinu (tafla 25).

Þoka er fremur sjaldgæf við innanverðan Faxaflóa. Á árunum 1971-80 var þoka (skyggni innan við 1 km) talin 11 daga á ári að meðaltali í Reykjavík (tafla 25).

Þrumur eru sjaldgæfar á Íslandi. Á árunum 1971-80 heyrðust þrumur og/eða sást elding 4 sinnum á ári að jafnaði í Reykjavík. Hafa verður þó í huga að birta og skarkali nútíma lífs valda því að veðurathugunarmenn hafa smám saman orðið meira og minna varir við þrumur og eldingar.

### Raki

Á höfuðborgarsvæðinu ríkir rakt loftslag. Tafla (26) lýsir árstíðarsveiflu rakans á ýmsan hátt. Í töflunni sést hvernig tiltölulega þurrast er á vorin og snemma sumars, en rakast á haustin. Munurinn er þó ekki mikill. Páll Bergþórs-son (1983) hefur reiknað út líklegt rakastig innandyrna miðað við þessi meðaltöl. Hann reiknar með að innandyrna sé 22 stiga hiti og loftræsting „góð“. Sjá má að á vetrum nálgast rakinn innandyrna þau mörk að rakaíbæting sé æskileg. Rakastig hefur reynst svipað á öðrum stöðvum á höfuðborgarsvæðinu, en rétt er að minna á að hiti lækkar með hæð og þar með hækkar rakstigið.

### Loftþrýstingur

Hérlendis er loftþrýstingur lægstur á vetrum (að jafnaði í janúar), en hæstur á vorin (að jafnaði í maí). Í töflu (27) má sjá meðalloftþrýsting í Reykjavík á árunum 1931-1960 og 1971-1980 (miðað við staðalaðstæður). Eins og sjá má er munur allnokkur í einstökum mánuðum á þessum tveim tímabilum, þó ársmeðaltalið sé hins vegar svo til hið sama. Lægsti loftþrýstingur sem búast má við í Reykjavík er innan við 930 mb, en sá mesti yfir 1050. Svo lágur eða hár þrýstingur er þó mjög sjaldgæfur.

Snöggar breytingar á loftþrýstingi eru alltíðar. Nýlega var framkvæmd skyndikönnun á tíðni stærstu breytinga milli athugana sem gerðar eru á 3 tíma fresti og á sólarhring og má sjá niðurstöður þeirrar athugunar í töflu (28).

## Vindar

Vindathuganir hafa verið gerðar með mælitækjum á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Á Reykjavíkflugvelli hafa athuganir verið gerðar um nokkurra áratuga skeið. Við veðurstofuhúsið hefur verið athugað frá 1973. Um skeið voru gerðar vindmælingar á Grafarholti, í Breiðholtshverfi, norðan við Ásfjall við Hafnarfjörð, í námunda við álverið í Straumsvík, í Engey og á Seltjarnarnesi. Auk þessa hafa verið gerðar hviðumælingar á Bassastöðum nálægt jarðstöðinni Skyggni, á Skrauthólum og í Hjarðarnesi á Kjalarnesi. Auk þessa hafa verið gerðar hviðumælingar á Þyrli í Hvalfirði, sem er á mörkum svæðis þess sem hér er fjallað um.

Á mynd (2) má sjá tíðni vindstiga í Reykjavík eftir mánuðum. Greinilega sést að minnstur vindur er í júlí, en vex nokkuð ört til beggja átta að hámarkum vetrarins. Á myndum (3 og 4) má sjá tíðni vindátta á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Það sem almennt einkennir vindrósirnar eru mikil landslagsáhrif. Grafarholt (sem og svæðin sunnan og austan borgarinnar) er mjög undir áhrifum lofts sem beinist ofan úr heiðalöndunum. Á vindrósinni fyrir Reykjavíkflugvöll (mynd (3)) er eftirtektarvert hversu sjaldan vindur blæs af NA. Sennilega stafar það bæði af nálægð Esjunnar svo og landslagi við flugvöllinn. Þessi „vöntun“ á NA-átt kemur einnig mjög vel fram á vindrósinni frá Nesi en svo kallaður „Hvalfjarðarstrengur“ kemur vel fram. „Hvalfjarðarstrengurinn“ er oft mjög áberandi og gætir hans mun meir í vesturhlutum borgarinnar en í austurhlutanum, eins og samanburður á vindrósunum frá flugvellingum og Grafarholti sýnir. Fyrir kemur að í norðlægri átt muni nokkrum vindstigum á flugvellingum og við veðurstofuhúsið.

Þegar litið er á árið í heild eru vindar af NV einnig mjög sjaldgæfir á svæðinu. Sé litið á sumarhelming ársins kemur fram allmikil dægursveifla (mynd (4)). Þar sést að vindar af V, NV og N eru mun algengari að degi en nóttu á flugvellingum. Þetta á einnig við um aðra athugunarstaði. Hér er um hafgoluáhrif að ræða, en eins og áður hefur verið minnst á er hafgolan á höfuðborgarsvæðinu allflókin, ekki síst vegna þess að hennar gætir helst á sólríkum dögum, þegar fyrir er nokkur N-átt á svæðinu. Hvernig vindrósir líta út í Kjós og á Hvalfjarðarsvæðinu sunnanverðu er ekki vitað, en mjög líklegt er að fjörðurinn og dalirnir stýri mjög vindi, þannig að vindar eftir endilöngum firðinum séu algengari en vindar þvert á hann. Víða við Hvalfjörð er þó svo brattlent að vindátt verður mjög óstöðug og vindur byljóttur.

### Hvassviðri og stormar

Hvassviðri eru nokkuð tíð á höfuðborgarsvæðinu, en áraskipti eru mikil. Að meðaltali 1951-80 náði vindur 15 sinnum á ári 9 vindstigum í Reykjavík og jafnoft á árunum 1966-80. Hvassviðri eða 8 vindstig voru að meðaltali 41 sinni á ári á árunum 1966-80. Á Hólmi eru þessar tölur ívið hærri eða 56 sinnum 8 vindstig eða meir, en 17 sinnum 9 vindstig eða meir. Á Hólmi er þó enginn vindmælir, en vindur áætlaður. Af athugunum í stuttan tíma í Straumsvík og á Mógilsá virðist mega ráða að hvassviðri séu álíka algeng þar og í Reykjavík. Í Reykjavík verða hvassviðri af ýmsum áttum. Rétt er að benda á að þó vindur sé tiltölulega sjaldgæfur úr vestri eru stormar álíka tíðir eða tíðari úr þeirri átt en öðrum.

Á landsvæðinu suður og suðaustur af Reykjavík virðast stormar einna algengastir af SA (Hólmur). Á Mógilsá eru stormar langalgengastir úr norðlægum áttum. Ekki þarf að fara oft um veginn fyrir Hvalfjörð til að sannfærast um það að veður eru hvað stríðust af fjöllum og vindur mjög byljóttur.

Nokkur úttekt hefur verið gerða á því hver muni vera mesti vindur sem búast má við í Reykjavík einu sinni á 50 árum. Skv. þeirri úttekt (F.H.S. 1981) er mesti 10 mín meðalvindur sem má reikna með á svo löngu tímabili um 40 m/s. Mesta hviða sem vænta má einu sinni á sama tímabili er áætluð 56 m/s (nokkru nánar er gerð grein fyrir þessu í F.H.S. 1981). Líklegt þykir að þessar tölur eigi við um mestallt höfuðborgarsvæðið sunnan Mosfellssveitar (fjöll undanskilin), en sums staðar á Kjalarnesi og í Kjós séu samsvarandi gildi nokkru hærri eða nálægt því mesta sem mælst hefur á landinu til þessa, en það var á Þyrli í Hvalfirði 16.2.1981, 61.8 m/s. Staðhættir eru þó mjög mismunandi á þessu svæði og ýmsir staðir vafalaust talsvert hægviðrasamari. Mesta hviða sem mælst hefur á Skrauthólum á Kjalarnesi er 60.7 m/s.

Lokið í september 1985,

Trausti Jónsson

Flutningar veðurstöðvarinnar í Reykjavík og starfsemi  
annarra stöðva

Veðurstöðin í Reykjavík hefur verið flutt mjög oft og samanburður milli tímabila vill því verða erfiður. Veðurstofan tók til starfa 1920 og frá þeim tíma eru til reglulegar mælingar, að vísu gerðar misoft á sólarhring og á misjöfnum tímum. Fyrstu árin var Veðurstofan staðsett að Skólavörðustíg 3, og voru mælingar gerðar þar. Um mánaðamótin september/október 1931 var stöðin flutt á þak Landssímahússins við Thorvaldsensstræti. Um miðjan desember 1945 var flutt í Sjómannaskólann og frá 21. desember voru veðurathuganir gerðar þar, nema hvað vindátt, vindhraði og skýjahæð voru athuguð á flugvellinum. Hinn 12. janúar 1950 var veðurstöðin flutt á flugvöllinn og var hún þar þar til flutt var að Bústaðavegi 9 hinn 9. nóvember 1973. Þar er stöðin enn.

Aðrar stöðvar:

Á Víðistöðum í Hafnarfirði var athugað frá miðjum mars 1933 til síðari hluta árs 1968.

Í Straumsvík hófust athuganir í mars 1970 og hafa staðið síðan.

Á Vífilsstöðum hófust úrkomumælingar í ágúst 1963 og eru þar enn. Á Vífilsstöðum voru einnig veðurathuganir á vegum dönsku veðurstofunnar um nokkurt árabíl snemma á öldinni.

Í rafmagnsstöðinni við Elliðaár var byrjað að athuga 1922, en hitamælingar lögðust af að nokkru 1967 og meðalhiti einstakra mánaða ekki reiknaður eftir það.

Á Rjúpnahæð var byrjað að mæla úrkomu 1958 og er enn gert.

Á Hólmi hófust úrkomumælingar í júlí 1961 og hitamælingar í maí 1963. Stöðin hætti í október 1983 (*úthöfnun var þá mæld Hólmi*)

Á Thorgeirsstöðum í Heiðmörk hefur verið athugað á sumrin (maí til október) frá 1957, en aðeins til 8 að morgni.

Á Korpúlfsstöðum hefur verið athugað á sumrin frá 1961, en hiti aðeins mældur kl. 9 og 15.

Á Mosfelli hófust úrkomumælingar í maí 1965 og stóðu þar til í mars 1976.

Í Stardal var byrjað að mæla úrkomu í ágúst 1963 og er enn gert.

Á Mógilsá hófust veðurathuganir í desember 1967 og stóðu þar til í febrúar 1979. Nokkrir mánuðir féllu úr á tímabilinu.

Á Meðalfelli var byrjað að mæla úrkomu í september 1969 og er enn athugað þar.

